

Viðhengi 17 - GKG

Sælir herra menn,

Við hjá GKG höfum farið yfir drög að nýju aðalskipulagi Garðarbæjar. Þau koma okkur á óvart.

Verði svæðamörk með þeim hætti sem fram kemur í drögunum yrði GKG að leggja niður 9 holu völlinn sem er meira spilaður en 18 holu völlurinn. Þetta yrði til þess að fækka yrði í klúbbum um 400 félaga sem þýðir um 40 milljóna tekjutap á ári. Ekki væri hægt að draga með sama hætti úr rekstrargjöldum. Því yrði verulegt tap á rekstrinum.

Helstu atriðin eru eftirfarandi:

1. Ef drögin yrðu afgreidd með þeim hætti sem þau eru sett fram þá þarf að bæta GKG eftirfarandi:
 - 3. braut Mýrin
 - 4. braut Mýrin
 - 5. braut að hluta Mýrin
 - 8. braut Mýrin
 - 9. braut Mýrin
 - Æfingaflöt
 - Svæði fyrir golfleikjanámskeið barna
 - Höggsvæði (driving range)
2. Samfella þarf að vera í golfvöllum og þarf frysti teigur og lokaflöt að vera sem næst klúbbhúsi. Ekki er hægt að taka hluta af golfvelli og úthluta jafn stóru svæði annarstaðar, völlurinn þarf að mynda eina órofa heild. Engum dettur í hug taka hluta af knattspyrnuvelli og færa hann.
3. Samkvæmt drögunum er lagður vegur meðfram Leirdalsvelli. Það gerir það að verkum að eina leiðin til að bæta GKG það svæði sem tekið er af Mýrinni er að byggja nýjan 9 holu völl sunnan megin við fyrirhugaðan veg. Svæðið sem merkt er 4.13 er um helmingi of lítið til að það sé hægt. Við undrumst það jafnframt að fyrirhugað sé að leggja veginn með þessum hætti mitt í gegnum æ vinsælla útivistarsvæðis sem nær yfir golfvöllina og nágrenni þeirra.
4. Garðabær lagði mikla áherslu á að Íþróttamiðstöð GKG væri staðsett þar sem hún nú er. Með því að leggja veginn með þessum hætti og færa hluta starfseminnar sunnan megin við hann rofnar tenging hússins við þá starfsemi.
5. Ekki er gert ráð fyrir vélamiðstöð í drögunum.

Í ljósi framangreindra atriða þætti okkur vænt um að fá að hitta ykkur til að fá betri skilning á drögunum ásamt því að sýna ykkur hvernig þetta kemur niður á félaginu. Einnig stefnir félagið að því að skila formlegum athugasemdum við drögin innan tilskilins frests.

Bestu kveðjur,

Finnur og Agnar